

19.janúar 2021

Fundargerð Foreldraráðs Fífusala

Erla boðaði Foreldraráð á fund og var hann fyrsti fundur ársins 2021. Fundur settur 8:15.

Mættar voru Sigurlaug, Þóra, Jóhanna. Erla Stefanía og Elva voru fyrir hönd leikskólans.

Erla setur fundinn og er Þóra beðin um að rita fundinn.

Erla tilkynnir að hún hefur verið mikið yfir varðandi starfsmannamál, Í vor ráðið inn auka fólk, Síðasta sumar vel mannað. Hefur þurft að funda mikið útaf því. Staðan í dag á pari, jafnvel undir. Verðum undir ströngu eftirliti vegna síðasta árs.

Stytting vinnuvikunar rædd. Þarf ekki mikið til í að þurfi að senda börn heim. Erfitt að sinna styttingu í eldhúsinu t.d. Þarf að útfæra betur og reyna finna lausnir. Ekkert komið á móts við starfsfólkið eða leikskólann.

Þarf að reyna að útfæra þetta og skoða hvenær er leikskólinn komin á hættumörk, hvað mega margir starfsmenn vera fjarverandi og margir í styttingu áður en börnin eru komin í áhættu bæði innan húss og úti?

Jóhanna segir frá hvernig er gert á Rjúpnahæð.

Erla bendir á að ekki hafi allir sem samþykktu kjarasamninga síðasta haust vitað að ekkert kæmi á móti.

Foreldrafélagið á Dal er búið að skrifa bréf, Sigurlaug ætlar að vera í sambandi við formann foreldraráðsins um stuðning frá okkur.

Vinnuskólaflækja síðasta árs rædd og munu Fífusalir ekki taka inn krakka frá Vinnuskólanum.

Erla nefnir ástand milli jóla og nýárs. Mættu ekki allir sem voru skráðir sem þýðir að var of mikið starfsfólk í vinnu sem ekki var þörf á. Sendi bréf útaf þessu en fékk lítil viðbrögð.

Covid umræða. Ekki allt neikvætt. Börnin þroskast töluvert. Orðin mun sjálfstæðari í fataklefanum t.d.

Byrjun ársins gengur vel en það mun koma upp sá dagur sem þarf að loka eða senda fyrr heim.

Erla boðar fund eftir mánuð.

Fundi lauk 9:10.